





 Reykjavík







# Hvað er Sporið?

- Lagning gönguskíðaþrauta á höfuðborgarsvæðinu
- Sporið á facebook er notað til að miðla upplýsingum á jákvæðan, einfaldan og hvetjandi hátt
- Nýr valkostur í útivist, fjölbreyttar og aðgengilegar leiðir sem henta byrjendum og lengra komnum
- Hvatning til að fara út og njóta ævintýralegrar náttúru
- Sporið er einkaframtak sem heldur upp á sjöunda afmælið sitt í ár

Sporið er lagt á bestu stöðum hverju sinni m.t.t snjóalaga.

Gríðarleg lífsgæði eru í því að geta skíðað í bakgarði borgarinnar.

Skjólsælt er í skóginum og oft frábærar aðstæður þar þegar blæs og lokað er vegna veðurs í fjöllum.





# Fyrir hverja er Sporið?

- Alla íbúa höfuðborgarsvæðisins
- Gríðarlega breiður hópur notenda, á aldrinum 6-85 ára, allt frá byrjendum til íþróttafólks.
- Margir tóku sín fyrstu skref í vetur, aðrir dusta rykið af skíðum í geymslunni og byrja aftur eftir hlé.
- - Fyrir alla sem vilja komast út að leika sér að vetri.

**Sporið hefur aldrei verið vinsælla,  
við áætlum 2-4000 manns á stærstu dögnum í vetur**

Vel yfir 100 bílar á svæðinu frá morgni fram á nótt!



# Nýjungar í vetur

## Viðburðir




- Byrjenda námskeið á Rauðavatni og Korpuvelli var ókeypis fyrir almenning
- Pop-up Skíðaleiga á Rauðavatni og Korpuvelli
- Frí kennsla í umhirðu á skíðabúnaði frá Everest á Korpuvelli

## Nýar leiðir

- Langavatn bættist við, frábært og byrjendavænt
- Nýr Hólmsheiðarhringur var opnaður með lagfæringum
- Korpuvöllur fékk glæsilegt spor í fyrsta sinn og kom gríðarlega vel út
- Tengileið niður að Rauðavatni frá Hólmsheiði  
= 20KM hringur!
- Gerðar tilraunir með snjósöfnun. snjógirðingar



# Korpuvöllur, viðbætur á Hólmsheiði, leiga og námskeið





# Áskoranir, aðgengi og aðstaða



## Bílastæði

- Vel yfir 100 bílar á svæðinu summa daga, engin bílastæði
- Skilgreina þarf bílastæði og upphafs og endastað
- Tryggja þarf snjómokstur

## Upplýsingagjöf

- Setja þarf upp merkingar
- Yfirlitskort við bílastæðin
- Vegvísa á leiðirnar
- Upplýsingaskilti með tilmælum
- Utanvegaaksturs bannskilti



Guðbjartur Guðbjartsson

Yfir 100 bílar á svæðinu í hádeginu, takk fyrir Sporið ...



8w Like Reply Hide 2 🗨️ 🤔

# Árekstrar, skemmdarverk og núningur við aðra notendur

- Hundaeigendur sárir að (missa) lausagöngusvæði sitt - byggt á misskilningi
- Gangandi fólk hélt að sporið væri lagt ofan á göngustígum - sem er ekki raunin
- Utanvegaakstur jeppa, buggy og fjórhjóla var óvenju mikill.
- **Lausn**

Að þjappa einnig stíga fyrir þessa útivistarhópa svo þeir gangi ekki eftir skíðasporinu og geti notið þess að fara um svæðið án þess að skemma skíðasporið..


Við höfum gert slíkt áður í Heiðmörk með mjög góðum árangri.

Minnka mætti utanvegaakstur um svæðið með lokunarpóstum og góðum merkingum.
- Að skilgreina svæðið vel sem útivistarsvæði yfir vetrartímann og setja upp skilti og merkingar myndi leysa stóran hluta af þesum vandamálum.









## Sporið á samfélagsmiðlum

Um 10 þúsund fylgjendur, stór hluti mjög virkur. Skýrar og einfaldar upplýsingar sem eru þægilegar fyrir tímabundna borgarbúa.

Áhersla á skemmtilegan tón og að notendur deili myndum af upplifun sinni.

Síðan er uppfærð reglulega, nýjustu upplýsingar um veður og færð, staðsetningu, gerð og ástand spora.

## Sporið í tölum:

Janúar 2025  
10K follow/like  
50K reach  
882K views  
15K interactions

**Aukning um 250% síðan í janúar 2024**



Hlín Guðjónsdóttir  
Algjörlega truflað 😊 svo gaman hvað allir voru glaðir og hjálpsamir 🙌

8w Like Reply Hide Edited



Bergros Olafsdóttir  
Algjör draumur! 🌨️ Takk fyrir 🙌



8w Like Reply Hide

Perla Magnúsdóttir  
Meiriháttar!!! Bestu þakkir 🙌🌨️🌨️



Sigríður Ásta Klóruddóttir  
Takk fyrir mig, fyrsta skipti á gönguskiði í þessari vetrarparadís svo ég gat ekki fengið betri kynningu á þessu sporti 🙌



8w Like Reply Hide 2

Isey Greta Thorgrimsdóttir  
Takk fyrir, algjör paradís 🌨️



8w Like Reply Hide 4

Ingrid Örk Kjartansdóttir  
Algjör snilld! Eins og í Narníu 🌨️ Takk fyrir okkur 🙌



8w Like Reply Hide 3

Guðbjartur Guðbjartsson  
Yfir 100 bílar á svæðinu í hádeginu, takk fyrir Sporið 🙌



8w Like Reply Hide 2

Perla Magnúsdóttir  
Heiðin var ólýsanleg í kvöld. TAKK fyrir ykkar dýrmætu vinnu, það sem þið eruð að geta mikið fyrir andlega og líkamlega heilsu þjóðarinnar!!! 🙌



8w Like

Bergný Dögg Sophusdóttir  
Takk fyrir, þetta var geggjað 🙌

8w Like Reply Hide


María Ögn Guðmundsdóttir  
Hitti þennann gæjja... Sporkónginn sjálfann...útivistin er svo mögnuð, var búin að eiga frekar þrotaðann dag, smellti mér seinnipartinn og bara eintóm hamingja 🙌



8w Like Reply Hide 15

Rannveig Tryggvadóttir  
Takk fyrir okkur! Draumadagur 🙌

8w Like Reply Hide



Sofia Johannsdóttir  
Takk Sporið 🙌🙌 þið gerið lífið einfaldlega skemmtilegra 🙌



8w Like Reply

Magni Þór Pálsson  
Þetta var nú bara upplifun af öðrum heimi í kvöld á Hólmsheiði 🙌



8w Like Reply Hide 13

Lilja Dögg Gylfadóttir  
Takk fyrir sporið 🙌 þetta var eins og að skiða



8w Like Reply Hide 6

Aðalsteinn Valsson  
Sturlaðar aðstæður á heiðinni í kvöld. Takk fyrir mig 🙌🙌



8w Like Reply Hide 3

Berglind Guðmundsdóttir  
Mættastar aftur í þessa Paradís 🙌 TAKKKKKK 🙌🙌



# Forvinna og jarðvegur

Gríðalegu máli skiptir að sá grunnur sem sporaður er sé eins sléttur og hægt er. Þá er hægt að vinna svæðið í minna snjómagni. t.d er hægt að spora sléttan göngustíg í aðeins 10 cm þykkum snjó.

Þar sem undirlag er óslétt gras og þúfur þurfum við að lámarki 40cm djúpan snjó.

Í Kjarnaskógi eru fjölnota göngu og hjólaleiðir nýttar sem skíðaleiðir yfir vetrartímann og þurfa því sára lítið snjómagm til að troða braut.

Haustið 2024 unnum við hreinsunarvinnu á jarðvegi, grjóthreinsuðum og grisjuðum á nokkrum stöðum á Hólmsheiði með það í huga að gera byrjað að spora fyrr. Sú vinna skilaði sér mjög vel og þyrfti að gera það sama við ALLAN hringinn og gott betur svo það sé hægt að byrja að spora í minna snjómagmi.





# Tæki og búnaður

Sporið byrjaði sem sjálfbóðastarf með frumstæð tæki.

Gríðaleg ásókn hefur verið í Sporið og mikið álag á brautirnar.

Með betri tækjabúnaði má vinna betri grunn og þjappa og spora oft og viðhalda með því betra spori.

Engin húsakostur er á heiðinni til að geyma eða dytta að búnaði sem notaður er þannig að alla daga þarf að flytja búnaðinn til og frá svæðinu á kerrum.

Horfa mæti til Kjarnaskógar á Akureyri þar sem tækjabúnaður og undirlag er eins gott og það gerist og aðstaða til fyrirmyndar.






# Framtíðin og tækifæri

## Uppbygging til útivistar



- ~30 km Útivistarstígar fyrir göngu hlaup og Hjólreiðar
- 8-25 km Gönguskíðaspor
- ~20 km Reiðvegir - eingöngu fyrir hesta
- 1 km sleðabrekkur
- 5 km Fjallahjólbrautir





# Möguleikar á svæðinu

Austurheiðar og vötn á austursvæðum borgarinnar eru stórkostlegt útivistarsvæði

Snjóframleiðsla myndi auka notagildi og lengja verulega tímabilið sem hægt er að nota heiðarnar sem gönguskíðasvæði. Aðgengi að vatni og rafmagni nú þegar til staðar

Haustið 2024 fór fram fyrsti áfangi í lagfæringum á jarðvegi og grjóthreinun fyrir skíðaleiðirnar og var það til mikilla bóta, hægt að leggja brautir ofan á minna magn af snjó þegar brautir hreinar.

## Framtíðin: Austurheiðar að sumri og vetri:

Til að bæta enn upplifun og aðgengi íbúa að fjölbreyttum möguleikum á útivist í borgarlandi vantar aðstöðuhús „Trailcenter“ - þjónustumiðstöð með góðum bílastæðum og upplýsingagjöf. Það gæti rúmað leigu á búnaði og upplýsingakort fyrir svæðið, jafnvel veitingasölu og áhaldahús fyrir búnað sem tengist útivistinni og viðhaldi leiða. Mikilvægt er að þessar byggingar rími vel við upplifunina að fara út í náttúruna.

Langavatn er falin perla sem hentar vel fyrir útivist jafnt sumar sem vetur. Hér gæti einnig verið sóknarfæri í vatna-íþróttum en skoða þyrfti aðkomu með borgarland í huga. (RVK / Mosfellsbær)

Reynisvatn hentar einstaklega vel sem skautasvæði um vetur vegna skjólsældar og aðgengi að vatni með tæki. Hér gæti einnig verið sóknarfæri í vatnaíþróttum og leikjum á sumrin, td paddleboard og leiktæki.

Rauðavatn er nú þegar vinsælt fyrir útivist árið um kring. Þar eru lögð gönguskíðaspor og nýr glæsilegur áningastaður hefur verið setur upp við vesturenda vatnssins. Þar er stundum skautasvell og gangandi, skíðandi og hestafólk nýtir svæðið án árekstra.





# Takk fyrir

